

## Tilgangur

Persónuverndarstefna félagsins styður við samfelldan rekstur og er ætlað að tryggja hlítinu við lög og reglur sem varða starfsemina og verndun persónuupplýsinga, vinnslu þeirra, skráningu og aðgengi. Stefnan nær yfir söfnun félagsins, notkun, birtingu, flutning og geymslu á hvers konar persónuupplýsingunum.

## Markmið

Distica veitir starfsmönnum og viðskiptavinum sínum örugga og trausta þjónustu með því að:

- Kappkosta að hverskonar persónuupplýsingar sem félaginu eru láttnar í té og/eða er safnað verða meðhöndlaðar samkvæmt evrópskum reglugerðum um vernd persónulegra gagna, einkum og sér í lagi samkvæmt *Reglugerð (EC) nr. 45/2001 um persónuvernd*.
- Hámarka öryggi og réttleika persónuupplýsinga sem varðveittar eru hjá fyrirtækinu.
- Viðskiptavinir, starfsmenn og umsækjendur séu upplýstir um hvaða persónuupplýsingar um þá eru varðveittar, hvernig þær eru vistaðar, hver hafi aðgang að þeim og hvenær þeim verði eytt.
- Tryggja að viðbrögð við öryggisbrestum séu skv. lögum.

## Umfang

Persónuverndarstefna Distica nær til viðskiptavina, birgja, starfsmanna og umsækjenda félagsins. Persónuverndarstefnan tekur mið af gildandi löggjöf um persónuvernd.

## Framkvæmd og ábyrgð

Á heimasíðu Distica eru upplýsingar um persónuverndartengil félagsins og meðferð persónuupplýsinga hjá Distica (viðauki 1).

Framkvæmdastjóri sér til þess að persónuverndarstefnunni sé fylgt með því að:

- Setja og gefa út persónuverndarreglur í gæðahandbók félagsins
- Skrifa og gefa út í gæðahandbók félagsins leiðbeiningar fyrir starfsmenn sem vinna með persónuupplýsingar

Framkvæmdastjóri getur falið stjórnendum eftirfylgni með tilteknum ákvörðunum og verklagsreglum.

Framkvæmdastjóri getur gert samning við móðurfélag Distica um vinnslu persónuupplýsinga um starfsmenn og umsækjendur.

Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur í meðferð persónuupplýsinga og skal tryggja að ávallt sé farið að lögum.

Allir sem fara með og/eða hafa aðgang að hvers konar persónuupplýsingum skuldbinda sig til að fylgja reglum Distica um meðferð persónuupplýsinga.

Öryggisbrestir eru skráðir sem frávik í frávíkaskrá með persónuverndartengil (**í SOP-1314 er skráð hver er persónuverndartengill Distica**) sem úrlausnaraðila.

Aðilar sem brjóta gegn persónuverndarstefnu Distica eiga yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum eftir eðli brots.

## Endurskoðun

Distica endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á 3 ára fresti.

## Tilvísanir

Útfærsla á persónuverndarstefnu félagsins koma fram í eftirfarandi skjölum:

- Persónuverndarreglur
- Leiðbeiningar fyrir starfsmenn sem vinna með persónuupplýsingar
- Samningar um vinnslu persónuupplýsinga

Vinnsluskrá – sjá gæðahandbók Veritas <https://veggurinn.veritas.is/sites/qmVeritas/xadd/SitePages/Home.aspx>  
Stjórnendur eru með tengingu í Xadd til þess að skoða vinnsluskrá Distica og til að bæta við eða breyta upplýsingum þar.

Til þess að opna vinnsluskrána er farið inná þennan tengil [hér](#). Einnig er hægt að finna síðuna í gegnum Gæðahandbók Veritas á vinstri spássíu.

Neðst í skjalasafninu er að finna leiðbeiningar um hvernig skal opna og komast í gögnin og hvernig á að vista. Efst er svo að finna Distica vinnsluskrána.

## Skrár

Samningar við móðurfélag eða þriðja aðila um vinnslu persónuupplýsinga eru vistaðir hjá framkvæmdastjóra (sjá SOP-1291)

Viðauki 1:

Texti um meðferð persónuupplýsinga sem birtur er á heimasíðu Distica:

## Meðferð persónuupplýsinga

Distica hefur sett sér stefnu og reglur varðandi meðferð persónuupplýsinga til þess að tryggja að fyrirtækið fari eftir lögum íslenska ríkisins, nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### Fyrirspurnir

Allar fyrirspurning varðandi persónuvernd má senda á netfangið [personuvernd@distica.is](mailto:personuvernd@distica.is)

### Vefkökur

Vefkökur eru litlar textaskrár sem vafrinn sækir í fyrsta sinn sem farið er á vefsvæði. Vefkökur geyma upplýsingar sem vefsvæðið notar meðal annars til að bæta upplifun notandans og til að fylgjast með og greina notkun á vefsvæðinu. Sjá nánar [hér](#).

Distica notar vefkökur til að greina notkun á síðuna í því skyni að gera vefinn enn betri og aðgengilegri fyrir notendur og til að auka þjónustustig.

Distica notar Google Analytics sem safnar vefkökum til vefmælinga. Google Analytics safnar upplýsingum nafnlaust og gefur skýrslur um þróun á vefsvæðum án þess að greint sé frá stökum notendum eða persónuupplýsingum. Þessar upplýsingar má nota við endurbætur á vefnum og þróun hans, t.d. um það efni sem notendur sækjast mest eftir. Upplýsingarnar eru skráðar með aðstoð og notkun á vefkökum. Einnig muna vefkökur fyrri heimsóknir notenda og stillingar notandans yfir ákveðinn tíma. Engar persónulegar upplýsingar eru vistaðar um notendur út frá þessum upplýsingum. Sjá nánar um Google Analytics [hér](#) og [hér](#).

Ef þú vilt ekki nota vefkökur er hægt að breyta stillingum í vafranum sem þú notar þannig að þær vistast ekki eða vafrinn biður um leyfi notenda fyrst. Hægt er að nálgast upplýsingar um eyðingu stillinga vefkaka [hér](#).

### Áframsending persónugreinanlegra gagna til þriðja aðila

Distica skuldbindur sig til þess að varðveita framangreindar upplýsingar á öruggan og tryggan hátt.

Með notkun okkar á Google Analytics sendum við hins vegar frá okkur ópersónugreinanleg aðgangsgögn, þ.e. hvenær síðan var heimsótt, hversu lengi og hvaðan og þess háttar er greint fyrir tölulegar upplýsingar. Þetta notum við svo til að betrubæta vefinn okkar.

### Takmarkanir

Distica áskilur sér rétt til að breyta þessum skilmálum eftir því sem þörf er á. Við breytingu þá þarft þú að samþykkja skilmálana aftur.

Skjal skrifað af: Deildarstjóri viðskiptaþjónustu Útgefið af: Gæðadeild

Breytingaskrá

Útgáfunúmer	Lýsing á breytingu
1.0	Nýtt skjal
2.0	Texta um meðferð persónuupplýsinga sem birtur er á heimasíðu Distica bætt við í viðauka 1 Tilvísun í vinnsluskrá bætt við (Vinnsluskrá – sjá gæðahandbók Veritas <a href="https://veggurinn.veritas.is/sites/qmVeritas/xadd/SitePages/Home.aspx">https://veggurinn.veritas.is/sites/qmVeritas/xadd/SitePages/Home.aspx</a> )
3.0	Stjórnendur eru með tengingu í Xadd til þess að skoða vinnsluskrá Distica og til að bæta við eða breyta upplýsingum þar. Til þess að opna vinnsluskrána er farið inná þennan tengil <a href="#">hér</a> . Einnig er hægt að finna síðuna í gegnum Gæðahandbók Veritas á vinstri spássíu. Neðst í skjalasafninu er að finna leiðbeiningar um hvernig skal opna og komast í gögnin og hvernig á að vista. Efst er svo að finna Distica vinnsluskrána.
4.0	Skjalið endurútféið án breytinga (einungir lýsigagnareitum breytt)
5.0	Ágúst 2020. Þriggja ára endurrýni (AG-UMB-001349). Bætt við vísun um að í SOP-1314 komi fram hver er persónuverndartengill Distica.

**Rýni:** Engin rýni nauðsynleg Rýni nauðsynleg Staðfest af: \_\_\_\_\_ dags.: \_\_\_\_\_

Rýnandi	Rýnt dags.:	Rýni staðfest af:

Athugasemdir við rýni:

**Mat á þjálfunarbörf:** Engin þjálfun nauðsynleg Þjálfun nauðsynleg staðfest af: \_\_\_\_\_

**Þjálfun skal lokið áður en skjalið er gefið út**

Áætlun um þjálfun og þjálfunarstaðfesting

Nafn starfsmanns	Staðf. starfsm.	Staðf. umsj.m.	Nafn starfsmanns	Staðf. starfsm.	Staðf. umsj.m.

Sjá meðfylgjandi áætlun um þjálfun og þjálfunarstaðfestingu

Áætlun um þjálfun staðfest af: \_\_\_\_\_ dags.: \_\_\_\_\_  
Lok þjálfunar staðfest af: \_\_\_\_\_ dags.: \_\_\_\_\_

**Þjálfun má fara fram eftir að skjalið er gefið út:** Innan mánaðar Fyrir \_\_\_\_\_

Áætlun um þjálfun

Nafn starfsmanns	Nafn starfsmanns

Deild/Vinnusvæði:	Allir	Deildarstj./umsjónarm.	Staðgenglar
Deild/Vinnusvæði:	Allir	Deildarstj./umsjónarm.	Staðgenglar
Deild/Vinnusvæði:	Allir	Deildarstj./umsjónarm.	Staðgenglar

Áætlun um þjálfun staðfest af: \_\_\_\_\_ dags.: \_\_\_\_\_

Skjal tilbúið til útgáfu - staðfest af: \_\_\_\_\_ dags.: \_\_\_\_\_

Ljósritun: Vottun Á ekki við - Ljósritað af: \_\_\_\_\_

**Útgáfa skjals:** Publish document Verkpáttaskrá uppfærð  
Þjálfunarstaðfestingar/þjálfunaráætlun: Skráð í þjálfunarskrá Á ekki við (engin þjálfun)